



Ég undirritaður lóðahafi / eigandi húseignarinnar:

Heimilisfang	Póstnúmer

óska eftir að

Nafn	Kennitala	Heimilisfang

taki að sér stjórn byggingarframkvæmda skv. ákv. laga nr. 160/2010 og reglugerð
nr. 112/2012 sem byggingarstjóri vegna byggingarleyfis nr

--

Í byggingarreglugerð nr. 112/2012 kafli 4.7 um byggingarstjóra segir m.a.:

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri. Óheimilt er að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmd nema ráðinn hafi verið byggingarstjóri sem uppfyllir hæfniskröfur reglugerðar þessarar.

Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðn-meisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Byggingarstjóri mannvirkis annast innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram.

Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga um mannvirki, þessarar reglugerðar og samningi við eiganda.

Byggingarstjóri skal hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að umsækjandi uppfylli viðeigandi hæfniskröfur skv. þessum hluta reglugerðarinnar, hafi sótt sérstakt námskeið sem Mannvirkjastofnun stendur fyrir og hafi gæðastjórnunarkerfi samkvæmt nánari fyrirmælum þessarar reglugerðar. Starfsleyfi byggingarstjóra skal gefið út til tiltekins tíma. Almennt skal fyrsta starfsleyfi gefið út til fimm ára í senn. Við endurnýjun er heimilt að gefa út starfsleyfi til allt að tíu ára í senn enda hafi byggingarstjóri starfað án áminningar eða sviptingar Mannvirkjastofnunar, sbr. 2.9.3. gr.

Beiðni skal skilað til byggingarfulltrúa sem gefur nánari upplýsingar. bygg@isafjordur.is

Undirskrift umsækjanda
